



# Deiliskipulag Naustahvilt í Skutulsfirði

## Útivistarsvæði og gönguleið

Tillaga til kynningar



október 2017

## Efnisyfirlit

|     |                                           |   |
|-----|-------------------------------------------|---|
| 1.  | Inngangur .....                           | 3 |
| 2.  | Aðdragandi og tilgangur .....             | 3 |
| 3.  | Markmið .....                             | 3 |
| 4.  | Staðhættir.....                           | 3 |
| 5.  | Minjar, fornminjar, vernd .....           | 4 |
| 6.  | Álftafjarðargöng .....                    | 4 |
| 7.  | Ofanflóð.....                             | 4 |
| 8.  | Tengsl við aðrar áætlanir .....           | 5 |
| 9.  | Deiliskipulagssvæðið .....                | 6 |
| 10. | Aðkoma og bílastæði .....                 | 6 |
| 11. | Minnisvarði.....                          | 6 |
| 12. | Göngustígur .....                         | 6 |
| 13. | Naustahvilft, áningarstaður .....         | 7 |
| 14. | Skipulagsferli, samráð og kynningar ..... | 7 |

## 1. Inngangur

Við Ísafjarðarbæ liggur vinsæl gönguleið frá Þjóðveginum, Djúpvegi (61), upp í Naustahvilt um Kirkjubólshlíð. Göngustígur upp í hviltina er farinn að láta á sjá og fólk er farið að velja sér aðrar leiðir upp hlíðina með tilheyrandi raski á gróðri. Áhugi er á því hjá Ísafjarðarbæ að skipuleggja svæðið og byggja upp sem góðan áfangastað, auka öryggi og vernda náttúru svæðisins.

Samhliða gerð tillögu að deiliskipulagi verður unnin tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2028 en lítið sem ekkert er fjallað um Naustahvilt í greinargerð aðalskipulagsins. Til stendur að breyta þessu, bæta við umfjöllun um Naustahvilt í greinargerð aðalskipulagsins og gera breytingu þar sem svæðinu yrði breytt í útivistarsvæði. Áformuð breyting á aðalskipulagi nær til sveitarfélagsupphafsdráttar sunnan Djúps og greinargerðar aðalskipulagsins.

## 2. Aðdragandi og tilgangur

Meginmarkmið með gerð tillögu að deiliskipulagi er að bæta aðstæður fyrir gangandi vegfarendur, skilgreina útivistarsvæði og vinna að náttúruvernd, en með því að skilgreina gönguleiðir er hægt að vernda umhverfið fyrir átroðningi. Þeim fer fjölgaði sem fara um þetta fallega göngusvæði enda er það aðgengilegt, gönguleiðin upp í hviltina tekur ekki langan tíma, stutt er frá þéttbýlinu á Ísafirði og útsýni úr hviltinni er gott.

## 3. Markmið

Eftirfarandi eru meginviðfangsefni deiliskipulagsins:

- Deiliskipuleggja Naustahvilt sem útivistarsvæði.
- Skilgreina aðkomu og upphafsstað fyrir gönguleið.
- Setja fram áherslur við gerð gönguleiðar upp í hviltina ásamt áningarstað þar.
- Að sett verði upp upplýsingaskilti með upplýsingum um nálæga þjónustu og sögu svæðisins og umgengnisreglur.
- Að skilgreina stað til að setja upp minnisvarða um Jón og Jón Jónssyni á Kirkjubóli í Skutulsfirði.

## 4. Staðhættir

Naustahvilt er um 1 km breið hvilt í Kirkjubólshlíð sunnan við þéttbýlið á Ísafirði. Hviltin er tæplega 400 m djúp og er á bilinu 200 til 660 m.y.s. Mjög bratt klettabelti sker hlíðina í um það bil 500 m.y.s. að frátöldum austasta hluta hviltarinnar. Neðan klettabeltisins eru skriður þar sem hallinn er 30–40°. Ofan við klettabeltið eru klettur sem halla 45–50°. Í miðju hviltarinnar er lítil skál þar sem halli hlíðarinnar er lítillega minni. Hviltin hefur myndast þegar jöklar síðustu ísaldar lágu yfir svæðinu og hefur myndast skálarjökull þar sem hviltin er nú. Þegar jökullinn hvarf stóð hviltin eftir og eru svona skálar oft nefnd skessusæti.

Við Þjóðveginn er útskot og bílastæði og þar er upphafsstaður gönguleiðar upp í Naustahvilt. Frá Þjóðveginum er nokkuð brött en gróin hlíð með lækjarsprænum upp í hviltina. Gönguleiðin er í dag um 430 m á lengd og endar í um 225 m.h.y.s. við stóran stein í norðausturhluta hviltarinnar.

Við steininn er gestabók fyrir göngufólk, merkt 225 m og er gönguleiðin vinsæl hjá íbúum og gestum.

Rétt við bílastæðið er skilgreint efnistökusvæði skv. aðalskipulagi sem tengist áformum um gerð jarðgangna til Súðavíkur, sem eru sýnd á skipulagsupprætti. Efnistökusvæðið er ætlað til haugsetningar og á ekki að skerða ásjón Naustahviltar. Reiknað er með að efnistökusvæðið og vegtenging við jarðgöng sé utan deiliskipulagssvæðisins.

Hægt er að ganga upp úr hvíltinni upp á topp fjallsins og þaðan eftir því, en gæta þarf öryggis á þeirri gönguleið. Er hún ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti og verður ekki hluti af deiliskipulagsgerð fyrir útivistarsvæði í Naustahvilt.

Bílastæðið í dag rúmar um 4-6 fólksbíla en engar merkingar eru á stæðinu. Gera þarf breytingar á bílastæðinu þannig að pláss verði fyrir rútur. Í samræmi við vegalög nr. 80/2007 skal hafa samráð við Vegagerðina vegna tengingar við þjóðveginn og uppsetningar á skiltum og/eða mannvirkjum.

## 5. Minjar, fornminjar, vernd

Norðan Djúpvegar (61) eru skráðar minjar, merktar ÍS-151-011, ÍS-151-002, ÍS-151-003 og ÍS-151-005 (sjá mynd XX). Er þær utan deiliskipulagssvæðisins og er því ekki gert ráð fyrir að framkvæmdir við útivistarsvæði í og við Naustahvilt hafi áhrif á þær.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnarskal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.



## 6. Álftafjarðargöng

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er sýnd lega fyrirhugaðra Álftafjarðarganga sem liggja frá Álftafirði til Skutulsfjarðar undir Kirkjubólshvelli. Opnast þau austan megin við Naustahvilt í talsverðri fjarlægð frá bílastæði fyrir áningarstaðinn og tengjast þar Djúpvegi (þjóðvegi 61). **SETJA INN SKÝRINGARMYND.** Ekki er talið að bílastæði fyrir áningarstaðinn eða aðrar framkvæmdir tengdar honum hafi áhrif á fyrirhugaðan gangnamuna Álftafjarðarganga.

## 7. Ofanflóð

Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Úr Naustahvilft hafa nokkrum sinnum fallið snjóflóð sem náð hafa yfir veginn og jafnvel í sjó fram, þ.e. árin 1910, 1990 og 1995. Talið er mögulegt að snjóflóð allt að 100 þúsund m<sup>3</sup> geti fallið á svæðinu. Vegna þess hve undirlendi er lítið er ljóst að allt svæðið er á hættusvæði C.<sup>1</sup>

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 segir í kafla 3 um náttúruvá: Við afgreiðslu bygginga- og framkvæmdaleyfa og við gerð deiliskipulags á svæðum þar sem ofanflóð eru möguleg og ekki er til staðfest hættumat, skal sveitarstjórn setja fyrirvara um gerð staðbundins hættumats, í samræmi við lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og áður nefnda hættumatsreglugerð.

Tafla 3.3 í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar á bls. 33:

|                                           |                                                                                                                    |                                                                                                                                                             |
|-------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Innri Kirkjubólshlíð<br>Hættumat frá 2007 | Flugvallarsvæði er á svæði C.<br>Svæði fyrir frístundabúskap er á svæði B og C.<br>Sorprensulan Funi er á svæði B. | Varnargarður var byggður við Funa 2002. Gert er ráð fyrir eftirliti og rýmingu á flugvallarsvæði. Nýbyggingar vegna frístundabúskaps verði utan hættusvæða. |
|-------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

Með erindi dags. 11. apríl 2017 óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands varðandi skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag í Naustahvilft dags. 22. mars. 2017. Í umsögn Veðurstofunnar kemur m.a. fram að heppilegasti staður fyrir aðkomusvæði og upphafsstað fyrir gönguleiðina sé undir hvilftinni sjálfri þar sem beggja vegna hennar séu þekkt ofanflóðasvæði. Tíðni grjóthruns í hlíðinni undir hvilftinni er talin vera lág. Í hvilftinni sjálfri er grjóthrun mun algengara, t.a.m. í leysingum á vorin og í miklum úrkomum. Grjóthrunshætt sé mest innan við núverandi áningarstað og mælir Veðurstofan því með að áningarstaður verði ekki færður innar í hvilftina nema því fylgi viðvaranir um grjóthrunshættu.

## 8. Tengsl við aðrar áætlanir

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið eða nærliggjandi svæði. Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er Naustahvilft og næsta nágrenni flokkað sem óbyggt svæði, sem er opið svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Lítið sem ekkert er fjallað um Naustahvilft í greinargerð aðalskipulagsins. Til stendur að breyta þessu, bæta við umfjöllun um Naustahvilft í greinargerð aðalskipulagsins og breyta svæðinu í útivistarsvæði. Áformuð breyting á aðalskipulagi nær til sveitarfélagsuppdráttar og greinargerðar aðalskipulagsins.

Breyting á deiliskipulagi og aðalskipulagi eru unnar, kynntar og auglýstarsamhliða. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við markmið aðalskipulags Ísafjarðarbæjar um að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar, aðgengi að náttúru verði tryggt og útivist skuli vera í sátt við umhverfið.

<sup>1</sup> „Hættumat fyrir Innri-Kirkjubólshlíð“, Veðurstofa Íslands, september 2007.  
<http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/greinargerdir/2007/07011.pdf>

## Tillaga að deiliskipulagi

### 9. Deiliskipulagssvæðið

Mörk deiliskipulagssvæðisins eru sýnd á deiliskipulagsupprætti. Innan svæðisins er Naustahvilt, brekkan niður að þjóðveginum, bílastæði og aðkoma inn á bílastæði við þjóðveginn. Norðurmörk deiliskipulagssvæðisins miðast við miðlínu þjóðveggar.

Deiliskipulagssvæðið er um 3 ha að stærð.

### 10. Aðkoma og bílastæði

Við þjóðveginn verður bílastæði á svipuðum eða sama stað og bílastæði er í dag. Frá þjóðveginum verður inn- og útakstur á sitt hvorum enda bílastæðisins. Gert er ráð fyrir bílastæðum fyrir allt að 10 fólksbíla, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða, tvær rútur ásamt hjólastæðum. Frágengið yfirborð bílastæðis skal vera mól eða malbik. Merkja skal bílastæði á snyrtilegan og skýran hátt. Sérmerkt stæði skulu vera fyrir rútur. Vegna mikils landhalla þarf hugsanlega að gera ráð fyrir stoðvegg við innri brún bílastæðis. Skal það útfært nánar á hönnunar- og/eða framkvæmdastigi.

Við bílastæði skal vera aðstaða til áningar, ruslafötur og upplýsingaskilti. Fyrirkomulag bílastæðis og áningarstaðar við þjóðveg er sýnt á deiliskipulagsupprætti en getur tekið breytingum á hönnunarstigi. Bílastæði skulu vera í samræmi við lög og reglugerðir.

Samráð skal haft við Vegagerðina vegna hönnunar bílastæðis og tenginga við þjóðveg.

### 11. Minnisvarði

Til stendur að reisa minnisvarða um feðgana Jón og Jón Jónssyni frá Kirkjubóli í Skutulsfirði. Voru þeir feðgar sakaðir um galdra og brenndir á báli þann 10. apríl 1656 á Skipeyri skammt frá flugvælinum. Um 80 m sunnan við hvítan innsiglingaskúr, í um 60 m hæð, er nokkuð stór steinn sem nefndur hefur verið sem möguleg staðsetning fyrir minnisvarðann. Staðsetning steinsins er sýnd á deiliskipulagsupprætti. Ekki eru settir skilmálar eða kvaðir um útlit eða nánari útfærsla minnisvarðans á deiliskipulagsstigi aðra en þá sem tengjast göngustígnum.

### 12. Göngustígur

Frá bílastæði upp að steini í norðausturhluta Naustahvilftar verður lagður/gerður vel merktur göngustígur. Staðsetning steinsins er sýnd á deiliskipulagsupprætti. Mælt er til að stígurinn hlykkist upp hlíðina til að gönguleið verði hentugri flestum þeim sem leggja leið sína upp í hvilftina. Mikilvægt er að vandað verði til verka við gerð hans. Huga þarf vel að efnisvali og ásýnd göngustígs til að hann falli sem best inn í umhverfið. Ásýnd göngustígs skal vera eins náttúruleg og kostur er og efnisval skal ekki stinga í stúf við náttúrulegt umhverfi. Breidd göngustígs verði ekki meiri en 1,2 metrar. Leiðbeinandi lega göngustígs er sýnd á deiliskipulagsupprætti en stígurinn skal útfærður nánar á hönnunar- og/eða framkvæmdarstigi. Heimilt er að setja látlausa bekki eða hnalla við göngustíg sem gefa göngufólki færi á að tylla sér á leiðinni upp hlíðina. Skal útlit bekkja/hnalla vera látlaust og efnisval þannig að þeir falli inn í umhverfið eins og kostur er. Með byggingarleyfisumsókn skal gera ítarlega grein fyrir útfærslu göngustígs, efnisvali og hvernig

framkvæmd við stíginn verði háttað. Gera skal grein fyrir hvernig stíg verði best viðhaldið til lengri tíma.

Verði minnisvarðanum valinn staður við stein sunnan innsiglingarskúrsins er lagt til að göngustígur liggi upp að steininum og þar verði mögulegt að nema staðar utan göngustígsins. Gera skal ráð fyrir að göngufólk sem nemur staðar við minnisvarðann hindri ekki för annars göngufólks og minnisvarði verði því utan göngustígsins. Nánari útfærsla minnisvarða verður ákvörðuð af Ísafjarðarbæ í samráði við Byggðasafn Vestfjarða og Safnahúsið.

Verði talin þörf á lýsingu á eða við göngustíg þegar kemur að hönnun hans, skal henni haldið í lágmarki til að forðast ljósmengun á svæðinu. Lýsingu skal beina niður á við og skermt verði fyrir að lýsing beinist upp á við.

### **13. Naustahvilt, áningarstaður**

Í hvíltinni sjálfri er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum eða landraski og leitast verður við að halda hvíltinni eins lítið raskaðri og mögulegt er. Við steininn í norðausturhorni hvíltarinnar verður áfram gestabók fyrir göngufólk ásamt látlausu upplýsingaskilti og/eða útsýnisskífu. Í samræmi við umsögn Veðurstofunnar verði göngufólk varað við þeirri hættu sem kann að skapast vegna grjóthruns og/eða ofanflóða og mælt til að gestir haldi sig utan þess svæðis þar sem grjóthrun er algengara. Frá áningarstað í hvíltinni verður ekki göngustígur upp á fjallið sjálft en þangað verður þó stikuð leið.

Verði talin þörf á lýsingu á eða við áningarstað þegar kemur að hönnun hans, skal henni haldið í lágmarki til að forðast ljósmengun á svæðinu. Lýsingu skal beina niður á við og skermt verði fyrir að lýsing beinist upp á við.

### **14. Skipulagsferli, samráð og kynningar**

#### **Kynning lýsingar**

Skipulagslýsing var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar í mars 2017. Lýsingin var einnig auglýst á vef Ísafjaðarbæjar þar sem hún var aðgengileg í 3 vikur. Ábendingar og athugasemdir skulu berast innan þess frests. Skipulags- og mannvirkjanefnd mun hafa hliðsjón af ábendingum og umsögnum sem henni berast en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

Skipulagslýsing var send Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni til umsagnar. Að auki var óskað eftir umsög Veðurstofu Íslands vegna hættu á ofanflóðum og hrunhættu. Lýsingin var einnig auglýst í svæðisbundnum fréttamiðli og á vefsíðu Ísafjarðarbæjar.

#### **Kynning tillögu á aðalskipulagsbreytingu og tillögu að deiliskipulagi á vinnslustigi**

Tillaga á vinnslustigi verður auglýst á vef sveitarfélagsins og með auglýsingu í svæðisbundnum fréttamiðli. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að senda inn ábendingar, en ábendingum verður ekki svarað með formlegum hætti. Auk umsagnaraðila verður tillagan send Súðavíkurbreppi, Safnahúsinu og Ferðamálasamtökum Vestfjaraðr til kynningar.

#### **Auglýsing tillögu**

Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar og samþykkt í bæjarstjórn verða tillögur að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi auglýstar samhliða í Lögbirtingablaði, á vef sveitarfélagsins og með öðrum áberandi hætti. Auglýsingartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur frá upphafi auglýsingar.

#### **Afgreiðsla tillögu**

Að afloknum athugasemdafresti eru tillögurnar teknar til umfjöllunar í skipulags- og mannvirkjanefnd og síðan bæjarstjórn. Afstaða er tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir er send sem þeim sem þær gerðu. Niðurstaða bæjarstjórnar er auglýst.

Bæjarstjórn hefur 12 vikur til að afgreiða samþykktu tillögu að aðalskipulagsbreytingu að loknum auglýsingatíma, til Skipulagsstofnunar. Samþykktar deiliskipulags- og aðalskipulagstillaögur eru sendar til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun staðfestir tillögur innan 4 vikna frá því að þær berst og birt er staðfesting í B-deild Stjórnartíðinda.



## Minnispunktur

### 1. Aðstaða:

- a. Bílastæði
- b. Upplýsingaskilti – sagan, jarðfræðin, útsýnisskífa eða segja hvað allt heitir sem sést úr hvilftinni.
- c. Bekkir, sæti
- d. Lýsing? Er ljósmengum þegar komið er upp í hvilftina eða er hægt að njóta norðurljósanna þar?
- e. Rútur?
- f. Viðvera í hvilftinni sjálfri
  - i. Bekkir til að horfa á norðurljós
  - ii. Útsýnispallur?
  - iii. Hægt að tína ber

### 2. Gönguleiðin

- a. Verður aldrei aðgengileg öllum, of bratt. 180 metra hækkun, núverandi gönguleið ca. 500 m að lengd.
- b.

### 3. Upplifun

- a. Ekki „of manngert“, leyfa náttúrulegu umhverfi að njóta sín sem best.
- b. Stigar, tröppur eða þrep – efniskennd verði náttúruleg
- c. Skoða Saxhól, efni sem endist og lítur vel út í náttúrunni

### 4. Nálægð við flugvöllinn

- a. Vandamál?
- b. Helgunarsvæði?

### 5. Snjóflóðahætta eða hætta á grjóthruni?

### 6. Ferðamenn

- a. Er þessi gönguleið nefnd í ferðamannaefni fyrir Ísafjörð?
- b. Er ferðamönnum beint þangað?
- c. Athuga þolmörk svæðisins.



- 

32. gr. vegalaga: „Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til.

- 
- 
-